

Salerniskort CCU hafa opnað fólki dyr

Salerniskort CCU samtakanna kom út á liðnu hausti og hefur það þegar reynst félagsmönnum samtakanna vel, að sögn Eddu Svavarsdóttur, formanns CCU samtakanna.

„Kortið er gert til að auðvelda fólki að biðja um aðgang að salerni í neyðartilfellum án þess að þurfa að fara út í miklar útskýringar. Það getur verið viðkvæmt mál,“ sagði Edda. Hún sagði að fólki hefði verið neitað um aðgang að salernum sem ekki eru ætluð almenningi, t.d. í verslunum, bönkum og ýmsum fyrirtækjum.

„Við höfum fengið jákvæð við-

brögð við kortinu og félagsmenn CCU hafa fengið aðgang að salernum sem þeir hefðu ella ekki fengið. Vonandi er þetta að virka og hjálpa fólki,“ sagði Edda.

Einkenni sáraristilbólgu (Colitis Ulcerosa) og svæðisgarnabólgu (Crohn's sjúkdóms) sjást ekki utan á fólki. Þessir sjúkdómar eru ekki algengir og er talið að um hálf tólf prósent íslensku þjóðarinnar sé með þá og yfir tíu milljónir manna í heiminum. Sjúkdómarnir leggjast jafnt á konur og karla. Þeir geta greinst á öllum aldri en ekki síst hjá þeim yngri. »14

Kort sem veitir nauðsynlegan aðgang

SVIÐSLJÓÐ

Guðni Einarsson
gudni@mbl.is



Salerniskort CCU-samtakanna kom út á liðnu hausti og hefur það þegar reynst félagsmönnum samtakanna vel, að sögn Eddu Svavarsdóttur, formanns CCU-samtakanna.

„Kortið er gert til að auðvelda fólki að biðja um aðgang að salerni í neyðartilfellum án þess að þurfa að fara út í miklar útskýringar. Það getur verið viðkvæmt mál,“ sagði Edda. Hún sagði að fólki hefði verið neitað um aðgang að salernum sem ekki væru ætluð almenningi, t.d. í verslunum, bönkum og ýmsum fyrirtækjum.

Í CCU-samtökunum eru rétt tæplega 500 manns og eru langflestir félagsmenn búnir að fá kort. Kortið er bundið við félagsaðild. Félagsmenn búa um allt land. Einnig búa sumir félagsmenn erlendis en kortið er bæði á íslensku og ensku.

„Við höfum fengið jákvæð viðbrögð við kortinu og félagsmenn CCU hafa fengið aðgang að salernum sem þeir hefðu ella ekki fengið. Vonandi virkar þetta og hjálpar fólki,“ sagði Edda. „Fólk með þessa sjúkdóma þarf oft að nota salerni með skömmum fyrirvara. Þegar fólk biður um að fá að nota salerni þá er það í neyð og er ekkert að grínast með þetta. Við vonum að fyrirtæki og almenningur sýni þessu skilning. Fyrstu viðbrögð benda til þess að þetta gangi vel.“

Sést ekki utan á fólki

Einkenni sáraristilbólgu (Colitis Ulcerosa) og svæðisgarnabólgu (Crohn's-sjúkdóms) sjást ekki utan á fólki. Þessir sjúkdómar eru ekki algengir og er talið að um hálf þúsund íslensku þjóðarinnar sé með þá og yfir tíu milljónir manna í öllum heiminum. Sjúkdómarnir leggjast jafnt á konur og karla. Algengt er að þeir greinist hjá tiltölulega ungu fólki en geta greinst á öllum aldri. Sjúkdómarnir eru algengari á norðlægum slóðum en suðlægum.

Einkunnarorð fjóluþlús máfánaðar, sem er baráttumánuður EFCCA, evrópskra regnhlífar-samtaka fjölmargra Crohn's- og Colitis Ulcerosa-samtaka, er setningin: „Þú sérð það ekki utan á

TAKK

Korthafi er með langvinnan bólgusjúkdóm í meltingarvegi og þarf nauðsynlega að komast strax á salerni

CCU
Crohn's og Colitis Ulcerosa samtökin

Salerniskort CCU Kortið er nú með QR-kóða frá Sönnum landvættum (sannir.is) sem veitir frían aðgang að salernum sem fyrirtækið rekur.

mér!“ IBD er skammstöfun fyrir þessa tvo langvinnu bólgusjúkdóma í meltingarvegi og er alþjóðlegi IBD-dagurinn 19. maí ár hvert.

Fjölgun í samtökunum

Edda sagði reynt að vekja athygli á þessum sjúkdómum og mál-efnum sjúklinganna af þessu tilefni á hverju ári. Aukin umræða hefur leitt til fjölgunar í CCU-samtökunum og í fyrra bættust 99 nýir félagar við, sem var um fjórðungs aukning. Aldrei fyrr hefur fjölgað jafn mikið í félaginu á einu ári.

„Þegar maður segir fólki að maður sé með sáraristilbólgu hváir fólk því fæstir þekkja sjúkdóminn,“ sagði Edda. „Þeir sem þekkja þetta eru yfirleitt sjálfir með sjúkdóminn eða tengjast einhverjum sem er með hann. Þetta sést ekki utan á fólki.“

Edda sagði að það væri mjög einstaklingsbundið hvaða áhrif þessir sjúkdómar, Crohn's og Colitis Ulcerosa, hefðu. Sumum dygði að taka lyfin sín reglulega og gæta að mataræðinu til að lifa þokkalegu lífi. Aðrir þyrftu oft að fara á sjúkrahús eða gangast undir skurðaðgerðir.

„Þetta getur haft ótrúlega mikil áhrif á lífið og til dæmis starfsgetu. Þótt þú getir unnið er ekki víst að þú getir stundað fulla vinnu,“ sagði Edda.

CCU SAMTÖKIN

Crohn's og Colitis Ulcerosa

CCU samtökin voru stofnuð í október 1995 og eru hagsmunasamtök fólks með bólgusjúkdóma í meltingarvegi, það er Crohn's-sjúkdóm (svæðisgarnabólgu) og Colitis Ulcerosa (sáraristilbólgu). Sjúkdómarnir eru langvinnir og þeim fylgir meðal annarra einkenna að þeir sem af þeim þjást geta skyndilega þurft að nota salerni. Samtökin stuðla að fræðslu og stuðningi við sjúklinga.

CCU samtökin eru með heimasíðu (ccu.is) og Facebook síðu (Crohn's og Colitis Ulcerosa samtökin) og eru þær öllum opnar. Einnig er félagið með lokaðan umræðuhóp CCU á Facebook, foreldrahóp CCU og landsbyggðarhóp CCU. Fólk þarf að sækja um aðgang að umræðuhópunum en í þeim eru veittar gagnlegar upplýsingar og þátttakendur miðla öðrum af reynslu sinni.



Edda Svavarsdóttir